

Fundargerð háskólaráðs

323. fundur þann 17. desember 2012

í stofu 262, Borgum, kl. 12.30-

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.30.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs

Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Úlfar Hauksson forstöðumaður

1. Fundargerð 322. fundar, mál til kynningar

"[málsnúmer]"

Rektor kynnti dagskrá. Fundargerð 322. fundar var samþykkt.

Rektor greindi frá fyrirspurn Ara Trausta Guðmundssonar varðandi stuðning HA við gerð sjónvarpsþátta sem hann hyggst standa fyrir. Framkvæmdastjórn háskólans hefur tekið jákvætt í erindið.

Rektor sagði frá því að Végeirsstaðasjóði hefur borist stefna í máli sem varðar eignarhald á jörð og húsum á Végeirsstöðum í Fnjóskadal.

2. Rekstraryfirlit janúar-nóvember

1210028

Úlfar dreifði yfirlitinu og kynnti það. Staða háskólans er 91,95% af áætlun en viðmiðið er 91,66%. Kostnaður við rekstur viðskipta- og raunvísindasviðs fer lækkandi í samræmi við aðgerðir sem gripið var til. Eftir er að færa tekjur á móti kostnaði við fræðasviðin og heildarniðurstaða rekstrar í lok árs verður væntanlega innan marka. Rekstur

d. A-
HEB
SNS

stofnana og setra með eigin tekjur verður það líka.

3. Rekstraráætlun 2013, til kynningar

1211011

Rekstraráætlun gerir ráð fyrir tekjuafgangi upp á kr. 9.768.197. Úlfar gerði grein fyrir forsendum áætlunarinnar og helstu breytingum frá árinu 2012, t.d. á kennslumagni við fræðasviðin og skipulagsbreytingum á kennslusviði. Háskólaráð samþykkti að unnið yrði áfram að gerð rekstraráætlunar. Formleg samþykkt rekstraráætlunar í háskólaráði verður þegar fjárlög hafa verið samþykkt.

Tillaga er um 30 mkr. aukaframlag úr ríkissjóði til að styðja við rannsóknir og styrkja stjórnsýslu háskólans og fer hún til þriðju umræðu um fjárlögin. Þetta má þakka framtaki Ólafs Halldórssonar og Úlfars Haukssonar og styrkri fjármálastjórn háskólans.

Háskólaráð lýsti mikilli ánægju með þetta. Háskólaráð telur að fjármálalegur rekstur háskólans sé til fyrirmynadar.

4. Stofnskrá norðurslóðamiðstöðvar, samningur um norðurslóðamiðstöð

1212002

Rektor kynnti stofnskrá norðurslóðamiðstöðvar og skýrði út hlutverk miðstöðvarinnar og fjármögnun næstu þrjú árin gegnum vaxtarsamninginn 20/20, en miðstöðin er sjálfseignarstofnun.

Háskólinn á Akureyri er aðili að norðurslóðamiðstöðinni og er rektor einn af þrem fulltrúum í stjórn.

Fundarmenn lýstu ánægju sinni með norðurslóðamiðstöðina og vænta mikils af starfi hennar.

5. Verkefnisstjórn um samstarf opinberu háskólanna, staða mála

"[málsnúmer]"

Rektor sagði frá því að menntamálaráðuneytið hefur samþykkt fjárveitingu til að ráða tvo sérfræðinga í kennslufræði sem munu gagnast öllum opinberu háskólunum. Annar verður staðsettur við Reiknistofnun HÍ og hinn við Háskólann á Akureyri. Siðarnefndi starfsmaðurinn verður sérfræðingur í kennslufræði fjarkennslu sem og framkvæmd innri úttekta í tengslum við gæðakerfi íslenskra háskóla. Þetta er árangur af starfi

K. J.
H.E.A
SFB

stýrihóps um innleiðingu á samstarfsverkefnum á sviði nemenda- og kennslumála sem starfar á vegum verkefnisstjórnar um samstarf opinberu háskólanna.

Fundarmenn lýstu mikilli ánægju með þetta.

Rektor sagði frá því að menntamálaráðuneytið mun að líkindum samþykka að HA fái endurgreiddan aukakostnað sem hlýst af innleiðingu Uglunnar.

Ásta Bjarnadóttir sem verið hefur starfsmaður verkefnisstjórnar lætur af störfum um áramót og við tekur Halldór Jónsson.

6. Rammasamningur HA og Sjúkrahússins á Akureyri

1212032

Rektor kynnti samninginn sem er gerður í stað eldri samnings sem er að renna út.

Sjúkrahúsið á Akureyri er nú skilgreint sem kennslusjúkrahús (háskólasjúkrahús í eldri samningnum). Helsta nýmælið er að samningurinn heimilar að starfsmenn sjúkrahússins sæki um akademískar nafnbætur hjá háskólanum og mun dómnefnd HA verða falið að fjalla um þær umsóknir í samræmi við reglur háskólans.

Háskólaráð samþykkti að rektor undirritaði samninginn.

7. Innleiðing Uglunnar, staða mála

1210006

Rektor kynnti samantekt Steinunnar Aðalbjarnardóttur frá 12. desember.

Sagði hann forritun Uglunnar ganga hægar en vænst var. Verið er að forrita ýmsa virkniþætti sem HA leggur áherslu á að séu fyrir hendi. Sú virkni mun koma öllum háskólunum að notum þegar upp er staðið.

8. Önnur mál

"[málsnúmer]"

Rektor kynnti nýútkomið afmælisrit HA í ritstjórn Braga Guðmundssonar prófessors. Lýstu fundarmenn mikilli ánægju með útkomu ritsins. Rektor þakkaði fráfarandi háskólaráði fyrir gott samstarf síðustu tvö árin. Háskólaráðsfulltrúar þökkuðu samstarfið sömuleiðis.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. "[tími]"

*Kristín Ásgeirsdotthi
Hafdis Erna Ásbjarnardóttir*
[Signature]